



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Sveitarfélög, skólastjórar og aðrir hagsmunaaðilar

Reykjavík 6. október 2016

Tilv.: MMR16080191/6.12.2

Efni: Kóðinn 1.0 og smátölvan Micro:bit

Með þessu bréfi vill mennta- og menningarmálaráðuneytið kynna verkefnið Kóðinn 1.0 sem unnið er í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Ríkisútvarpið og Menntamálastofnun. Verkefnið felst í því að Micro:bit, forritanleg smátölva verður gefin öllum grunnskólabörnum í 6. og 7. bekk og þeim þannig veitt tækifæri til að prófa sjálf að forrita. Markmiðið er að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna og auka vitund þeirra um mikilvægi forritunar í daglegum störfum, eins að efla rökhugsun og stuðla að auknum áhuga á tækni- og iðngreinum.

Þörf atvinnulífsins fyrir einstaklinga með hæfni í forritun hefur farið ört vaxandi. Sú þörf einskorðast ekki við fyrirtæki í tölvuiðnaðinum heldur er vandfundin sú atvinnugrein þar sem tölvutækni kemur ekki við sögu. Forritunarvinna reynir ekki aðeins á rökhugsun heldur einnig hugmyndaauðgi, skapandi hugsun og lausnamiðaða nálgun og styrkir því nemendur á mörgum sviðum og býr þá undir verkefni framtíðarinnar.

Til þess að taka þátt í verkefninu sækja skólastjórar um að fá smátölvurnar afhentar fyrir hönd sinna nemendahópa og skóla á heimasíðu Menntamálastofnunar www.mms.is. Þar gefst jafnframt kostur á að sækja um að fá heimsókn frá leiðbeinanda. Enginn kostnaður fellur á skólana eða sveitarfélögin vegna tölvanna eða móttöku þeirra.

Upplýsingavefur Kóðans 1.0 verður opinn frá og með 14. október næstkomandi en hann verður að finna á vefnum www.krakkaruv.is. Þar verður hægt að nálgast nánari upplýsingar um fyrirkomulag verkefnisins ásamt fjölbreyttri fræðslu fyrir börn, kennara og aðra áhugasama.

Ráðuneytið hvetur grunnskóla til að nýta tækifærið og dreifa smátölvunni Micro:bit til allra nemenda sinna í sjötta og sjöunda bekk sem þau fá til eignar.



Illugi Gunnarsson